

6. fundur svæðisráðs rekstrarsvæðis 1, Norðursvæðis, í Vatnajökulspjóðgarði haldinn þriðjudaginn 27. maí 2008 kl. 18:30.

Fundarstaður: Kjarni, Laugar í Reykjadal.

Á fundinn mættu:

Rúnar Þórarinnsson (RÞ) formaður frá Norðurþingi, Böðvar Pétursson (BP) varaformaður frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir (FS) frá Þingeyjarsveit, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (IÁJ) frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvar Þóroddsson (IÞ) frá Samtökum útivistarféлага, Yngvi Ragnar Kristjánsson (YRK) frá Ferðamálasamtökum Norðausturlands og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (SSJ) þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Mörk þjóðgarðsins skv. nýju korti frá Umhverfissráðuneytinu.

RÞ greindi frá því að mörk þjóðgarðsins í Ásbyrgi, mynni Ásbyrgis og vesturbarmur Ásbyrgis, væru í athugun hjá Umhverfissráðuneytinu. Svæðisráðið ræddi málið og fannst mönnum skrítið að undanskilja hluta Ásbyrgis við stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Taka þarf málið upp við ráðuneytið.

“Svæðisráðið leggur áherslu á að allt Ásbyrgi verði innan Vatnajökulspjóðgarðs strax frá stofnun hans enda liggi fyrir viljayfirlýsing Umhverfissráðherra og Landbúnaðarráðherra í leigusamningi um Ásbyrgi frá árinu 2003 um að það land sem ekki er innan þjóðgarðs í Ásbyrgi verði það sbr. 1. gr. leigusamningsins”

“Svæði þetta verður hluti þjóðgarðsins og reglur hans gilda innan þess.”

“Svæðisráðið harmar einnig að friðlandið Herðubreiðarlindir og náttúruvættið Askja skuli ekki vera innan garðsins frá stofnun hans og telur nauðsynlegt að gerður verði þjónustusamningur milli Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs um rekstur svæðanna ef þau fari ekki inn við stofnun.”

Það kom einnig fram í máli RÞ að landeigendur, t.d. við Jökulsá vildu vita meira hvað ætti að gera með landið áður en þeir væru tilbúnir að leggja land undir þjóðgarðinn.

2. Verndaráætlun.

Svæðisráðið ræddi þá stöðu sem komin er upp varðandi verndaráætlun fyrir Norðursvæðið en nú er fyrirsjáanlegt að það verði nánast aðeins gamli þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum sem verði hluti af Vatnajökulspjóðgarði á Norðursvæðinu við stofnun hans. IÁJ benti á hvort sveitarfélögin væru tilbúin að styðja svæðisráðið í því að gerð yrði verndaráætlun fyrir stærra svæði en yrði innan þjóðgarðsins í upphafi, þ.e. þau svæði sem horft er til að verði hluti hans. En hugsanlega myndi sú vinna greiða fyrir samningum við landeigendur í framhaldinu þegar þeir sæu hvert væri stefnt. Gerð verndaráætlunar fyrir þau svæði væri ekki nein skuldbinding fyrir landeigendur.

“Svæðisráðið telur mjög æskilegt að verndaráætlun nái yfir það svæði Norðursvæðis sem fjallað er um í skýrslu ráðgjafanefndar um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs þar sem hún telur að það muni liðka til við gerð samninga við landeigendur. Hún telur sig því þurfa að fá svör frá stjórn við eftirfarandi spurningum varðandi gerð verndaráætlunar um Norðursvæðið”:

1. Hvaða svæði á verndaráætlun Norðursvæðis að ná yfir við stofnun Þjóðgarðsins? Á hún aðeins að ná yfir það svæði sem lendir í upphafi innan Þjóðgarðsins eða það svæði sem rætt er um í skýrslu ráðgjafanefndar um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs?
2. Ef miðað er við það svæði sem rætt er um í skýrslunni, er þá til fjármagn til verksins og hefur svæðisráðið stuðning stjórnar til þess að vinna verndaráætlun um stærra svæði en lendir innan Þjóðgarðs í upphafi hans?

3. Reglugerð Þjóðgarðsins.

Svæðisráðið hefur enn ekki fengið nýjustu drögin að reglugerðinni í hendurnar, þ.e. eftir að stjórnin fjallaði um þau á síðasta fundi sínum um miðjan maímánuð. Svæðisráðið hefur heldur ekki fengið fundargerð frá sama stjórnarfundum í hendurnar.

"Svæðisráð Norðursvæðis beinir þeim tilmælum til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs að fundargerðir stjórnar verði sendar út til stjórnarmanna og varamanna þeirra eigi síðar en 3 virkum dögum eftir að fundur er haldinn"

Ef þetta getur ekki gengið þá þarf að ráða fundarritara og skrifa fundargerðina jafn óðum og skrifa undir hana samstundis. Ef að fundir eru haldnir með meira en mánaðarmillibili þá er farið að fyrnast yfir hvað skeði á viðkomandi fundi þegar fundargerðin kemur til fundarmanna.

"Svæðisráðið vill ítreka að auglýsingar um friðlandið í Herðubreiðarlindum og náttúruvættið í Öskju falli ekki út ef þau verða ekki hluti af Þjóðgarðinum frá stofnun hans."

4. Stofndagur Vatnajökulsþjóðgarðs – 7. júní 2008.

Svæðisráðið tók saman yfirlit yfir þá aðila sem bjóða ætti á Norðursvæðinu og tók Rúnar að sér að koma því áleiðis. Svæðisráðið ræddi fyrirkomulag opunarhátíðar og var sammála um eftirfarandi:

"Svæðisráðið vill að það sé auglýst opið hús í Gljúfrastofu, auk boðsgesta, í tilefni stofnunar Þjóðgarðsins þar sem verðið sé að stofna Þjóðgarð fólksins."

SSJ var falið að kanna skemmtiatriði fyrir hátíðina. ÍP stakk upp á því að skrifað væri undir samning um gerð verndaráætlunar fyrir svæðið á opunarhátíðinni og var svæðisráðið sammála því að gera það ef möguleiki væri á.

5. Samningur um gerð verndaráætlunar.

Rúnari og Friðriku falið að ganga til samninga við Náttúrustofu Norðausturlands en Böðvar biðst undan því verki þar sem hann situr í stjórn Náttúrustofunnar. Rúnar mun hafa samband við Náttúrustofuna.

Verkátun og viðhorfskönnun vegna verndaráætlunar. SSJ sendi svæðisráðinu drög að hvoru tveggja daginn áður en fundarmenn höfðu ekki getað skoðað gögnin og geta því ekki tjáð sig um þetta. Umræðu um þetta frestað.

6. Annað.

RÞ las upp bréf sem hann hafði sent Norðurþingi fyrir um daginn, þar sem hann biðst undan setu í svæðisráði fyrir hönd sveitarfélagsins. Norðurþing þarf því að skipa nýjan aðila í svæðisráð og eftir það verður hægt að kjósa nýjan formann fyrir ráðið.

Svæðisráðið ætlar að hafa samband sín á milli í tölvupósti til að finna næsta fundartíma (19-20 júní) og tengja þann fund jafnvel við skoðunarferð um Jökulsárgljúfur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir